


ÞINGGERÐ  
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS  
ÍSLANDS



30. ÁRSPING  
1990



### 30. ÁRSPING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið á Hótel Norðurlandi á Akureyri 5. - 6. maí 1990

#### FYRRI DAGUR:

##### 1. SETNING ÞINGS OG KOSNING ÞINGFORSETA.

Formaður KKÍ, Kolbeinn Pálsson, bauð fundarmenn og gesti velkomna. Hann stakk upp á Kristínu Jónsdóttur sem 1. þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi. Kolbeinn Pálsson var kosinn 2. þingforseti.

##### 2. a) KOSNING ÞINGRITARA.

Pétur Hrafn Sigurðsson var kosinn þingritari og Jón Þór Hannesson til vara.

##### b) KOSNING KJÖRBRÉFANEFNDAR.

Stungið var upp á:

Einari Bollasyni
Helga Bragasyni
Jóhannesi Finni Halldórssyni

Var það samþykkt.

##### 3. KOSNING FASTRA NEFNDA.

Tillögur fráfarandi stjórnar:

<b>Laga og leikreglanefnd:</b>	<b>Allsherjarnefnd:</b>
Sigurður Valur Halldórsson	Ríkhartur Hrafnkelsson
Ólafur Rafnsson	Ægir Ágústsson
Ólafur Magnússon	Matthías Viktorsson

##### **Fjárhagsnefnd:**

Kristinn Albertsson  
Björg Hafsteinsdóttir  
Kjartan Bragason

Allar þessar nefndarskipanir voru samþykktar samhljóða.


##### 4. SKÝRSLA STJÓRNAR.

Kolbeinn Pálsson, formaður KKÍ, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni fráfarandi stjórnar og nefnda. Til hliðsjónar notaði hann skýrslu stjórnar KKÍ og skýrslur nefnda sem fram koma í ársskýrslu KKÍ 1989-1990.

Þingforseti óskaði eftir að skýrsla stjórnar og ársreikningar yrðu bornir upp í sameiningu og var það samþykkt.

##### 5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA TIL SAMÞYKKTAR

Kristinn Albertsson, gjaldkeri KKÍ, lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins og skýrði þá. Hann stiklaði á stóru. Sagði að ef menn gæfu sér ákveðnar forsendur þá tapi KKÍ á að lotto hafi verið fundið upp. Skýrði það þannig að hlutfallslega hafi ríkisstyrkur til KKÍ minnkað svo mikið að lotto tekjur nái ekki að vinna upp muninn. Hann benti á að happdrætti væri nýr liður á reikningunum. Tap varð á lokahófi sem vekur upp spurningu hvort KKÍ eigi að sjá um hófið. Hófið er haldið fyrir félögin og spurning hvort þau eigi



ekki að sjá um framkvæmd þess. Ræddi um unglingslandslíðin og komu Harlem Globetrotters. Undir liðnum annar kostnaður kemur kostnaður vegna þátttöku íslenskra félagsliða í Evrópukeppni sem var nálægt kr. 500.000,-. Fjármagnskostnaður var tæplega kr. 300.000,-. Nauðsynlegt var að stofna til yfirdráttar við viðskiptabanka KKÍ þar sem félög hafa staðið illa í skilum. Hugmyndir hafa komið um aðrar innheimtuaðferðir en nú eru notaðar. Einnig hvort rétt sé að hygla þeim félögum á einhvern hátt sem greiða á réttum tíma. Reikningar sýna 1.5 milljón króna tap eða 8% af veltu. Að lokum minnti hann á að ferðasjóður dómara, sem úthlutað verður úr vegna kostnaðar sem félög verða fyrir vegna ferðaskostnaðar dómara, verður gerður upp þann 1. júní. Reikningar vegna ferðakostnaðar verða að hafa borist KKÍ fyrir þann tíma ef þeir eiga að verða teknir til greina.

## 6. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA.

Ægir Ágústsson sagði það koma sér á óvart að UMFG væri í skuld við KKÍ. Þeir töldu sig eiga inni hjá sambandinu. Taldi eitthvað mikið vera að innheimtukerfinu fyrst þeir hafi ekki verið rukkaðir fyrir skuld sinni þar sem þeir gætu auðveldlega greitt hana.

Kristinn Albertsson skýrði hvernig þessi skuld væri til komin. Áætlað hafi verið á UMFG vegna lokahófs kr. 85.000,-. Samkvæmt upplýsingum frá UMFG hafi þessi upphæð verið greidd í banka, en KKÍ hafi ekki borist tilkynning um slíkt. Þegar tilkynningin berst verður skuld UMFG á viðskiptareikningi KKÍ lækkuð sem því nemur. Sagði innheimtuaðgerðir KKÍ hafa verið með hardasta móti í ár.

Ragnar Kárason spurði um dómragjöld, hvort það væru sektir.

Kristinn Albertsson sagði það vera laun dómara.

Sigurður Valur Halldórsson ræddi um skuldastöðu félaga, ánægður með stöðu ÍR og UMFN. Vildi staðfesta orð gjaldkera að innheimtuaðgerðir hafi verið með hardasta móti.

Kolbeinn Pálsson sagði framlegð ÍSÍ og opinberra aðila 16% - 18% af veltu sem er allt of lítið. Það sé bagalegt þegar leikmaður sem verður þess heiðurs aðnjótandi að vera valinn í landslið þurfi að fjármagna sjálfur 80% af þeim kostnaði.

Einar Bollason formaður kjörbréfanefndar fékk leyfi þingforseta til að skýra frá störfum kjörbréfanefndar og lesa upp kjörbréf. Hann sagði að í fyrsta sinn hafi verið mikið af umboðum. Hvort það tengist þingstað skal ósagt látið. Hver fulltrúi á þinginu hefur rétt til að fara með eitt annað atkvæði samanber 6. grein laga KKÍ. Einar las upp nöfn þingfulltrúa.

Frá ÍBH	Ólafur Magnússon Ólafur Rafnsson	umboð fyrir Harald Stefánsson umboð fyrir Kristinn Sigurðsson
Frá ÍBK:	Gunnar Jóhannsson Björg Hafsteinsdóttir Anna María Sveinsdóttir	umboð fyrir Guðjón Skúlason
Frá ÍBR:	Elinborg Guðnadóttir Helgi Bragason Gísli Georgsson Sigurður V. Halldórsson Einar Ólafsson Sigfús Ólafsson Sigurður Hjörleifsson Kolbeinn Pálsson Pétur Hrafn Sigurðsson Einar Bollason Kristinn Stefánsson	umboð fyrir Ástu Gardarsdóttur

Jón Þór Hannesson

Frá HSH: Þorvaldur Pálsson  
Rikharður Hrafnkelsson  
Jóhannes Finnur Halldórsson

Frá ÍBA: Eiríkur Sigurðsson  
Björn Sveinsson  
Kjartan Bragason  
Jón Már Héðinsson  
Gylfi Kristjánsson

Frá ÍS: Sveinbjörn Ægir Ágústsson Umboð frá Margeir Guðmundssyni  
Kolbrún Tobíasdóttir  
Hafdís Sveinbjörnsdóttir  
Gunnar Þorvarðarson

Frá UMSS: Ragnar Kárason  
Freyja Jónsdóttir  
Matthías Viktorsson

Frá UMSK: Kristinn Albertsson

Þingforseti bar öll kjörbréfin upp í einu og voru þau samþykkt.

Jón Ármann Héðinsson, fulltrúi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, sagði að skrá ætti í íþróttasöguna að þingið skuli haldið utan Reykjavíkur. Sagði núverandi ríkisstjórn þá aumustu hvað varðar styrki til íþróttahreyfingarinnar. Þó við höfum lotto og íslenskar getraunir, þá er það okkar sjálfsaflafé sem ekki á að skipta máli er til úthlutunar ríkisins kemur. Skýrði frá kerfi getrauna um boltaleiki. KKÍ fékk kr. 2.143.769,- frá Lotto. Er svipað og Blaksambandið. Alltaf er deilt um skiptingu þessa fjár. Sagði að Kolbeinn Pálsson hefði verið kosinn formaður nefndar sem ynni að endurskoðun þessara mála. Nú sé málum þannig háttáð að 50% af lotto fé er jafnt skipt milli allra sérsambanda, 20% fást fyrir fjölda iðkenda og 30% eftir eiginfjáröflun. Jón Ármann skýrði frá íþróttahátið sem haldin verður í sumar undir kjörorðinu Æskan og Íþróttir. Einnig minntist hann á fræðsluefni ÍSÍ og byggingamálin. Hann skýrði frá því að meðalsalan í Lotto væri um 15 milljónir sem gæfi í vinning 2.2 - 2.5 milljónir króna. Að lokum ræddi Jón Ármann um tengslin sem sumum finnast vera lítil og auðvitað má þar bæta um betur enda eru verkefnið óþrótandi. Hann minntist á íþróttahúsið í Grindavík, hversu mikil lyftistöng það hafi verið fyrir íþróttalífið í bænum. Jón Ármann sagði körfuna eiga mikla vaxtamöguleika. Starfið hafi verið mikið og fyrir það færði hann þakkir frá framkvæmdastjórn ÍSÍ og Sveini Björnssyni forseta sem er erlendis.

Einar Bollason fékk orðið. Hann tilkynnti um breytingu á kjörbréfi ÍBA. Jóhann Sigurðsson datt út og Jón Már Héðinsson kemur inn í hans stað. Einnig datt Konráð Óskarsson út og Gylfi Kristjánsson kom inn í hans stað. (Þetta hefur þegar verið leiðrétt framfarir í þinggerð. aths. þingritara).

Það eru því 36 gild atkvæði í salnum, tveir fulltrúar eru fjarverandi, frá UMSS og ÍBR. Um leið og fulltrúar bætast við verður gert grein fyrir því.

Þingforseti sagði umræður um skýrslu stjórnar og reikninga opnar.

Kristinn Stefánsson óskaði skýringa á liðnum dómaranefnd. Er langstærsti lánadrottin KKÍ. Hann óskaði eftir skýringum á hvernig þessi tala hefur þróast.

Gunnar Jóhannsson sagði skuld ÍBK ekki vera kr. 150.000,- eins og reikningar sýna. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri eiga að vita að ávísun barst frá ÍBK upp á kr. 125.500,-.

Kristinn Albertsson sagði að þegar ávísunin barst var búið að loka reikningum sambandsins og ekki hægt að taka ávísunina með. Hvað varðar dómarsjóð þá skuldar KKÍ sjóðnum rúmlega kr. 520.000,-. Í upphafi keppnistímabilsins er ákveðið af stjórn KKÍ hvað félög greiða dómurum fyrir að dæma. Síðasta keppnistímabil var gjaldið kr. 1800,- pr. dómara pr. leik. Af þessum kr. 1800,- sem KKÍ innheimtir af félögum leggja dómara kr. 300,- í dómarsjóð. Það liggja því kr. 600,- í dómarsjóði eftir hvern leik sem dæmdur er. Þessi sjóður er svo notaður til að greiða kostnað við námskeið dómara erlendis og ferðir dómara með landsliðum í æfingaleiki osfrv. Þannig er dómurum gert kleift að viðhalda menntun sinni og halda sér við í faginu. Upphæðin sem KKÍ skuldar dómarsjóði er svipuð nú og í fyrra. Ástæðan er mikil verkefni sem dómarsjóður stendur fyrir. Kristinn minntist á óánægju dómara með að KKÍ hafi þessa peninga vaxtalaust. Það hafi hins vegar verið litið svo á að það væri eðlilegt þar sem dómara hefðu afnot af skrifstofu KKÍ, starfsmanni sambandsins o.þ.h. þeim að kostnaðarlausu. Kristinn sagði að enn væri eftir að greiða út dómara laun þannig að þessi tala ætti eftir að lækka um ca. kr. 100.000,-. Hann sagði að ef til vill sé það eðlilegt að sýna inn og útstreymi dómarsjóðs en hingað til hefur slíkt ekki verið gert.

Jóhannes Finnur Halldórsson vildi gera fyrirvara með mismun sem á eftir að færa á viðskiptareikning Snæfells og framkvæmdastjóra KKÍ væri kunnugt um.

Kristinn Stefánsson sagði svar gjaldkera fullnægjandi en vildi leggja áherslu á að allt fjármagn yrði fært inn og út í ársreikningum.

Matthías Viktorsson fagnaði því að kjörbréfanefnd hafi komist að þeirri staðreind að jafn langt sé frá Reykjavík til Akureyrar eins og frá Akureyri til Reykjavíkur. Hann þakkaði stjórn, formanni og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf. Hann minntist 25 ára afmælis fyrsta leiksins í körfuknattleik sem leikinn var á Sauðárkróki. Sagði að það hefðu ýmsir ljótir hlutir birst í fjölmiðlum um UMFT og þá stóð ekki á mönnum að birta fréttir, en það tók langan tíma að fá Dag til að birta fréttatilkynningu um að stúlknaflökkur UMFT hafi orðið Íslandsmeistari.

Þingforseti bar skýrslu og reikninga stjórnar upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

## 7. FRÁFARANDI STJÓRN LÉGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN.

Kristinn Albertsson gjaldkeri talaði fyrir fjárhagsáætlun fráfarandi stjórnar fyrir 1990-1991 (þingskjal nr. 15) og skýrði einstaka liði hennar. Í tekjuliðnum sagði hann að gert væri ráð fyrir að þátttökugjöld verði samanlagt 1.5 milljón króna.

Þingforseti gaf orðið laust

Kristinn Stefánsson óskaði eftir að fjárhagsáætlun yrði breytt þannig að inn og útstreymi dómara nefndar komi skýrt fram.

Einar Bollason kom með tillögu um að einfalda liðinn Evrópukeppni félagsliða. Sagði það gott og blessað að styrkja félög til að taka þátt í Evrópukeppni, en taldi rétt að einskorða sig við ákveðna upphæð. Þ.e. að félag sem tekur þátt í Evrópukeppni fái ákveðna upphæð frá KKÍ.

Kolbeinn Pálsson spurði hvort ekki væri rétt að stjórn KKÍ tæki að sér samninga við fjölmiðla í stað félaga. Það væri auðveldara að hafa málin á einni hendi. Stjórn KKÍ tæki t.d. 10% þóknun fyrir slíkt starf. Hann skýrði frá hugmyndum um nýtt fyrirkomulag á Norðurlandamóti karla og kvenna.

Þingforseti lagði til að fjárhagsáætlun yrði vísað til fjárhagsnefndar og var það samþykkt.

Samþykkt að vísa þingskjali nr. 1 til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 2 til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 3 til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 4 til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 5 til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 6 til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 7 til allsherjarnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 8 til fjárhagsnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 9 til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 10 til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 11 til allsherjarnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 12 til allsherjarnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 13 til allsherjarnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 14 til allsherjarnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 15 til fjárhagsnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 16 til allsherjarnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 17 til allsherjarnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 18 til allsherjarnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 19 til fjárhagsnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 20 til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali nr. 21 til laga og leikreglnanefndar.

Gunnar Jóhannsson kom fram með tillögur frá ÍBK um breytingar á reglugerðum KKÍ.

Jón Ármann Héðinsson benti á að svo viðamiklar breytingar kæmu of seint. Hér væri spurning um vinnubrögð. Sagði ef til vill skynsamlegra að vísa þessum tillögum í millipinganefnd.

Jóhannes Finnur Halldórsson kom með ábendingu um niðurröðun á yngri flokkum í upphafi móts. Sagðist hafa komið athugasemdum á framfæri við KKÍ.

Gunnar Jóhannsson sagðist setta sig við að þessar tillögur fari í millipinganefnd, en kvaðst vilja vekja athygli á þessum tillögum og það félög um að kynna sér þær.

Einar Bollason sagðist fagna þessum orðum Gunnars. Þetta er einmitt það sem okkur er oft legið á hálsi fyrir að taka mál fyrir án nægilegs undirbúnings. Benti á að þingskjal nr. 3 um breytingu á deildarskiptingu miðaðist að því að gera 1. deild skemmtilegri. Sérstaklega vildi Einar þó fagna tillögu um 2. deild fyrir félög og félagahópa. Einnig ræddi Einar um þingskjal nr. 6. Honum finnst það jaðra við skandal að enn einu sinni ætti að breyta fyrirkomulaginu í Úrvalsdeild. Það getur vel verið að þessi tillaga sé góð. Málið sé bara að stöðugar breytingar geri okkur að athlægi. Nú loks sé fólk farið að skilja keppnisfyrirkomulagið í Úrvalsdeild. Það megi ekki vera að breyta æ ofan í æ.

Þingforseti lagði til að tillögum ÍBK yrði vísað til millipinganefndar og var það samþykkt.

Kristinn Albertsson vildi skýra út hvað fælist í þingskjölum nr. 16, 17, 18, 19 og 20. Rökin sem mæla með samþykkt þingskjals nr. 16 eru að nauðsynlegt er fyrir félög að eiga fleiri dómara. Eins og allir vita er dómarastarfið oft ekki vinsælt og það eru margir sem gefast upp og hætta. Endurnýjunin er ekki næg. Ef þessi fjöldi dómara næst þá sé því markmiði náð að hægt sé að koma á hóp úrvalsdeildardómara.

Þingskjal nr. 17 er til þess fallið að laga til reglugerð fyrir dómaranefnd í átt að því sem er í dag.

Þingskjal nr. 18 skýrir sig sjálft.

Þingskjal nr. 19. Fjárhagsnefnd KKÍ hefur ekki starfað síðastliðin 10 ár og því ástæðulaust að hafa reglugerð um slíka nefnd.



Þingskjal nr. 20. Verið er að laga til reglugerð KKÍ sem hægt var að mistúlka og gat valdið misskilningi.

Þingforseti gaf matarhlé kl. 13:45.

Þingforseti bauð fundarmenn velkomna aftur á þing eftir matarhléð. Sagði tillögu hafa komið upp um að ljúka þinginu í dag, en við nánari athugun kom í ljós að nefndir þingsins þyrftu meiri tíma til að ljúka störfum svo ákveðið hafi verið að fresta þingi morguns. Þing hæfist aftur kl. 10:00.

## SEINNI DAGUR.

Þingforseti bauð fundarmenn velkomna aftur á þing og gekk til dagskrár.

### 1. ÁLIT NEFNDA.

#### a) Fjárhagsnefnd.

Kristinn Albertsson mælti fyrir hönd fjárhagsnefndar. Hann sagði nefndina mæla með samþykkt þingskjals nr. 19.

Þingforseti bar upp þingskjalið og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 8. Nefndin lagði til að þessari tillögu verði vísað frá .

Jóhannes Finnur Halldórsson sagðist ekki skilja þessa afstöðu nefndarinnar sem er órökstudd. Snæfell hefur lent í hremmingum út af þessum kostnaði. Hann sagðist ekki sjá rök fyrir því að hafa öðruvísi kerfi í 1. deild en í Úrvalsdeild. Hann lagði því til að tillagan verði samþykkt.

Kristinn Albertsson sagði rökstuðning nefndarinnar vera þann að ef tillagan um fjölgun dómara verður samþykkt þá fjölgi dómurum og ferðakostnaður komi því til með að lækka. Í öðru lagi er verið að tala um nokkur félög á suðursvæðinu sem fá e.t.v. 1 áhorfanda á leik. Úti á landi fá félög áhorfendur og geta frekar borið þennan kostnað.

Jóhannes Finnur Halldórsson benti á að dómarnefndin hafi aldrei notað dómara sem voru í Borgarnesi.

Kristinn Albertsson sagði ástæðuna vera einfalda, báðir dómarnir hafi flutt burt af staðnum.

Þingforseti bar upp til atkvæða þingskjal nr. 8 og var það samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4.

Þingskjal nr. 15. Nefndin gerði eftirfarandi breytingar á fjárhagsáætlun. Liðurinn Evrópukeppni lækkar því lið sem taka þátt í 1. umferð fá styrk upp á kr. 120.000,-. Ef þau komast í 2. umferð fá þau styrk upp á kr. 150.000,-. Komist lið lengra í Evrópukeppni fær það styrk frá KKÍ upp á kr. 150.000,- pr. umferð. Önnur breyting er að taka dómara gjöld inn og út. Nefndin leggur til að fjárhagsáætlun verði samþykkt (sjá þingskjal nr. 29).

Þingforseti bar upp þingskjal nr. 29 og var það samþykkt samhljóða.

#### b) Allsherjarnefnd.

Ríkharður Hrafnkelsson mælti fyrir hönd nefndarinnar og gerði grein fyrir þeim þingskjölum sem fyrir nefndinni lágu.

Þingskjal nr. 7. Nefndin lagði til að það yrði samþykkt óbreytt.

Einar Bollason vildi benda á að erfitt væri að binda leikdaga niður í reglugerð.

Pétur Hrafn Sigurðsson benti á að ekki bæri að binda leikdaga niður í reglugerð. Það væri ýmislegt sem spilar inn í hvaða leikdagar eru ákveðnir. Sum félög hafa aðeins möguleika á að leika á ákveðnum virkum dögum þar sem heimavöllur þeirra er upptekinn önnur kvöld. Enn fremur þurfi að hafa í huga umfjöllum fjölmiðla um leiki og samninga við þá. Það bæri því að vísa tillögunni til stjórnar KKÍ eða formannafundar.

Kristinn Albertsson sagðist skilja sjónarmið utanbæjarfélaga. Sagði það skynsamlegast að ræða þessi mál á formannafundi. Er alltaf möguleiki á að spila á föstudegi ef það hentar viðkomandi utanbæjarliði og því liði sem leika á gegn því. Einnig yrði að taka tillit til samninga við sjónvarp ofl.

Ríkharður Hrafnkelsson gat fallist á að ekki eigi að fastnegla þetta niður. Hann gat fallist á að vísa þessu til stjórnar.

Þingforseti bar þingskjalið upp til atkvæða og var samþykkt að vísa því til stjórnar.

Þingskjal nr. 11. Nefndin leggur til að þingskjalið verði samþykkt.

Sigurður Valur Halldórsson sagði þingskjöl 13 og 14 tengjast þessu þingskjali. Vill að um þessi þingskjöl verði fjallað sem eina heild.

Ríkharður Hrafnkelsson sagði þetta góða ábendingu hjá Sigurði Val Halldórssyni og lagði til að þingskjölin yrðu öll samþykkt í einu.

Þingforseti las upp þingskjal nr. 11, bar það upp til atkvæða og var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar þingskjal nr. 13 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar þingskjal nr. 14 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 16. Nefndin ræddi þetta mál mikið og leggur til að þetta verði samþykkt þannig að það taki gildi að ári. Ekki sé nauðsynlegt að fjölga dómurum í ár þegar sumir dómarar hafa ekki fengið tilnefningu.

Þingforseti gaf orðið laust.

Kristinn Albertsson sagði það svolítill vonbrigði með að fresta gildisstöku um eitt ár. Kemur til með að bitna á dómgæslu næsta ár. Fjöldi dómara hefur verið vaxandi þar til í fyrra. Sá sem fer á námskeið getur ekki byrjað á að dæma strax, heldur þarf að skóla hann til í 1 - 2 ár. Það eru allt of margir sem ekki treysta sér í Úrvalsdeildina. Kristinn sagði það slæmt að missa út 2 ár þar sem dómurum fjölgar ekki. Í ár gátu dómarar myndað Úrvalsdeildarhóp í fyrsta sinn. Slíkt verður ekki hægt næsta og þarnæsta ár. Slíkt er auðvitað vandamál félaganna og kemur til með að bitna á þeim og er nokkuð sem þau verða að leysa.

Jóhannes Finnur Halldórsson sagðist ekki á móti því að efla dómarastéttina en það verður að vinna að málinu. Til stuðnings því að fresta þessu máli í eitt ár las Jóhannes Finnur upp bréf til stjórnar KKÍ og dómaranefndar. Efni bréfsins fjallaði um boð Ungmennafélagsins Snæfells um að halda dómaranámskeið í Stykkishólmi. Jóhannes Finnur sagði að þessu bréfi hafi ekki verið svarað.

Ríkharður Hrafnkelsson vildi leiðrétta Kristinn Albertsson. Hann sagðist ekki vera á móti því að fjölga dómurum sem félögum ber að skaffa. Snæfell gerði tilraun til að skaffa dómara en fengu engin viðbrögð.

Kristinn Albertsson vildi taka fram að bréfið var sent stjórn KKÍ. Hann lýsti því yfir að hann væri tilbúinn að halda dómaraámskeið á Stykkishólmi frítt. Kristinn kom fram með máламиðlun og sagðist geta fallist á að tillagan yrði samþykkt með þeim breytingum að D-liður falli út, þ.e. að félög þurfi ekki að eiga dómara fyrir Lávarðadeild.

Pétur Hrafn Sigurðsson skýrði meðferð stjórnar KKÍ á bréfi því sem Ungmennafélagið Snæfell sendi stjórn KKÍ varðandi dómaraámskeið. Stjórnin tók bréfið fyrir á fundi sínum, þar lýstu menn mikilli ánægju með þetta framtak Snæfells. Samþykkt var að beina því til dómara nefndar KKÍ að skipuleggja og halda dómaraámskeið í Stykkishólmi.

Ægir Ágústsson benti á að Úrvalsdeildarfélagin þyrftu að eiga 3 dómara. Það ætti frekar að þrýsta á að félögin standi við þessa menn sem þau tilkynna, þ.e. að ekki séu sett inn nöfn sem ekki er hægt að nota.

Kristinn Albertsson sagði flest félög uppfylla skilyrði núna. En ef tilnefndir eru t.d. 100 dómara, þá er e.t.v. hægt að nota 10. Ef félög gætu tryggt að allir dómara sem þau tilkynna færu upp í Úrvalsdeild, þá mættu þeir vera helmingi færri en nú er.

Jóhannes Finnur Halldórsson þakkaði Kristni Albertssyni höfðinglegt boð um að koma og halda dómaraámskeið í Stykkishólmi.

Þingforseti bar upp breytingatillögu um að fresta gildistöku tillögunnar um eitt ár.

Sigurður Valur Halldórsson kvaddi sér hljóðs og taldi að það ætti að bera þingskjalið upp fyrst þar sem það gengi lengra í breytingarátt.

Nokkrar umræður spunnust upp um þetta mál. Óskað var eftir nafnakalli. Umræður um að sú ósk komi fram of seint.

Þingforseti úrskurðaði að óskin komi fram of seint og bar tillögunna upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt með 16 atkvæðum gegn 10.

Sigurður Valur Halldórsson kvaddi sér hljóðs um þingsköp. Sagði það eðlilegt að sín tillaga yrði tekin fyrir fyrst en ekki tillagan um frestun.

Þingforseti bar upp breytingatillögu um að 3. gr. D-liður falli niður.

Sigurður Valur Halldórsson dró tillögu sína til baka.

Þingforseti bar þá upp þingskjal nr. 16.

Sigurður Valur Halldórsson kom fram með tillögu um nafnakall.

Þingforseti varð við því.

Já sögðu: Kristinn Albertsson, Ægir Ágústsson, Margeir Guðmundsson, Kolbrún Tobíasdóttir, Sigurður Hjörleifsson, Edda Matthíasdóttir, Kjartan Bragason, Gylfi Kristjánsson, Eiríkur Sigurðsson, Matthías Viktorsson, Einar Bollason, Kristinn Stefánsson, Kolbeinn Pálsson, Ríkhartur Hrafnkelsson, Jón Þór Hannesson og Pétur Hrafn Sigurðsson.

Eftirfarandi fulltrúar sátu hjá: Gunnar Þorvarðarson, Anna María Sveinsdóttir, Björg Hafsteinsdóttir, Freyja Jónsdóttir, Jón Már Héðinsson, Gunnar Jóhannsson, Guðjón Skúlason, Sigurður Valur Halldórsson, Ásta Garðarsdóttir, Ólafur Magnússon, Ólafur Rafnsson, Haraldur Stefánsson, Kristinn Sigurðsson, Sigfús Ólafsson, Elínborg Guðnadóttir og Helgi Bragason.

Nei sagði: Þorvaldur Pálsson.

Atkvæði féllu því þannig að 16 sögðu já, 16 sátu hjá og 1 var á móti og tillagan því samþykkt.

Þingskjal nr. 17. Nefndin lagði til að tillagan verði samþykkt.

Þingforseti bar þingskjal nr. 17 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 18. Nefndin lagði til að tillagan verði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn tók til máls og bar þingforseti þingskjal nr. 18 undir atkvæði og var það samþykkt með þorra atkvæða.

Þingforseti þakkaði allsherjarnefnd fyrir góð störf og gaf þingfullrúum vel þegna 10 mínútna kaffipásu.

### c) Laga og leikreglanefnd.

Sigurður Valur Halldórsson mælti fyrir nefndina. Eftirfarandi tillögur lágu fyrir:

Þingskjal nr. 1. Sigurður Valur óskaði eftir að fá leyfi þingsins til að taka fyrir efnislegar breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á þessu þingskjali (Þingskjal nr. 22).

Þingforseti bar það upp og var það samþykkt

Sigurður Valur Halldórsson skýrði út hvað fælist í Þingskjali nr. 22. Hann sagði að nefndin hefði dreift þrem útgáfum af þingskjali 22, a, b og c til að þingfulltrúar gætu betur áttað sig á hvernig málið liti út. Nefndin leggur til að tillaga c verði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust.

Einar Bollason lýst yfir ánægju sinni með viðbótina frá laga og leikreglanefnd. Það væri hins vegar spurning hvort ekki þyrfti að setja skýrari reglur varðandi ferðakostnað félaga, hvað væri eðlilegur ferðakostnaður. Hvort ekki ætti að binda hann við t.d. 12 manns en ekki e.t.v. 20 manna hóp.

Þingforseti bar upp þingskjal nr. 22, tillögu c til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2. Nefndin lýsti sig samþykka þessari tillögu.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann þá upp þingskjal nr. 2 og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 3. Nefndin lýsti sig samþykka þessari tillögu.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann þá upp þingskjal nr. 3 og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4. Nefndin lýsti sig samþykka þessari tillögu, þó þyrfti að gera nokkrar breytingar (þingskjal nr. 24).

Þingforseti gaf orðið laust.

Jóhannes Finnur Halldórsson spurði hvernig nafnið Kóngadeild væri til komið. Fannst eðlilegra að skýra deildina Konungadeild.

Einar Bollason sagðist vera harður stuðningsmaður allra tillagna sem væru til þess fallnar að auka virðingu deildarinnar.

Þingforseti tók fyrir tillögu um breytingu á þingskjali nr. 24 (þingskjal nr. 28) þannig að Kóngadeild verði Konungadeild. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Þingforseti bar svo upp þingskjal nr. 28 og var það samþykkt mótaskvæðalaust.

Nokkrar umræður spunnust um hvort leikmenn sem leika í Konungadeild geti leikið í Lávarðadeild þar sem 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót segir að leikmenn megi ekki leika með yngri aldursflokki en þeim ber.

Þingfulltrúar samþykktu tillögu frá Einari Bollasyni um að það sé skilningur þingsins að leikmenn í Konungadeild megi leika í Lávarðadeild.

Þingskjal nr. 5. Nefndin lýsti sig sammála tillögunni. Hún lagði þó til þá breytingu að síðasta setningin verði eftirfarandi Úrskurðir og dómur dómstóls KKÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti og ábyrgðarbréfi. Breytingin er að kemur í stað eða (sjá þingskjal nr. 25).

Þingforseti gaf orðið laust.

Eiríkur Sigurðsson spurði um breytingu sem nefndin hafði gert á birtingu á úrskurðum og dómum dómstóls KKÍ. Í upprunalegu tillögunni segir að þeir skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi. Í breytingu nefndarinnar kemur og í stað eða.

Ólafur Rafnsson sagði það vera til þess að ljóst sé við hvaða dagsetningu á að miða, sendingar eða móttökudag, vegna kærufrests til áfrýjunar.

Þingforseti bar upp þingskjal nr. 25 og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 6. Nefndin lagði til að þessi tillaga verði felld.

Þingforseti gaf orðið laust. Hann bar upp þingskjal nr. 6 og var það felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal nr. 9. Nefndin lagði til að þessi tillaga verði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust. Bar þingskjalið upp og var það samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 10. Nefndin lagði til að þessi tillaga verði samþykkt

Þingforseti gaf orðið laust

Sigurður Valur Halldórsson lagði til að dagskrá þingsins verði sett upp samkvæmt lögum, þ.e. ekki byrja á tölulíðum 1, 2, 3 osfr. á seinni degi, heldur eins og stendur í lögum, 9, 10 osfr.

Þingforseti bar þingskjal nr. 10 upp til atkvæða og var það samþykkt mótaskvæðalaust.

Þingskjal nr. 12. Nefndin lagði til að þessi tillaga verði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust. Hann bar upp þingskjal nr. 12 og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Þingskjal nr. 21. Sigurður Valur Halldórsson las upp tillöguna og mælti með því fyrir hönd nefndarinnar að hún verði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust. Hann bar upp þingskjal nr. 21 og var það samþykkt samhljóða.

## 2. ÖNNUR MÁL.

Einar Bollason vildi þakka laga og leikreglanefnd og öðrum nefndum fyrir mikið og vel unnið starf. Hann vildi nota þennan dagskrárlið til að fjalla um mál þessu óskyldu þ.e. framkomu þjálfara og leikmannna, sérstaklega yngri leikmanna. Taldi að á þessu máli yrði að taka. Þjálfarar hafa t.d. ærst yfir ýmsu og orðið sér til skammar. Sagði að þessir hlutir verði ekki lagaðir nema að félögin sjálf spyrni við fótum. Lagði til að þau ræði við leikmenn sína og þjálfara um að stemma stigu við þessu. Þessi framkoma er áhyggjuefni.

Gunnar Jóhannsson vildi fá á hreint hvort að millipinganefndi verði skipuð vegna tillagna ÍBK.

Kolbeinn Pálsson sagði tvo möguleika vera fyrir hendi, annað hvort kjósi þingið millipinganefnd eða að stjórn KKÍ verði falið að skipa nefnd innan mánaðar um þessar tillögur. Hann óskaði eftir að þingið vísaði þessum tillögum til stjórnar.

Þingforseti bar þessa tillögu upp og var hún samþykkt samhljóða.

Matthías Viktorsson sagðist því miður verða að taka undir orð Einars Bollasonar, sérstaklega hvað varðar þjálfarana. Hann varpaði fram þeirri hugmynd að leyfa B-lið frá félögum í annari deildinni.

Sigurður Valur Halldórsson vildi taka undir og ítreka athugasemdir Einars Bollasonar. Sagðist hafa verið viðstaddur úrslitaleik þar sem framkoma þjálfara var forkastanleg.

Kristinn Albertsson vildi koma á framfæri að félögin vinni að því að koma sér upp dómurum en fresti því ekki of lengi.

Sigurður Valur Halldórsson beindi fyrirspurn til formanns vegna þjálfaranámskeiðs. Hvernig verður það auglýst fyrir félögin.

Kolbeinn Pálsson sagði að ætlunin hafi verið að hafa dagskrá tilbúna sem hægt hefði verið að dreifa á þinginu en það því miður ekki tekist. Strax á mánudaginn verður dagskráin send öllum félögum innan KKÍ. Hann lagði mikla áherslu á að félög notfærðu sér þetta einstaka tækifæri til að mennta þjálfara sína. Kolbeinn sagðist vilja nota þetta tækifæri til að þakka öllum fulltrúum félaganna gott samstarf á liðnum tveim árum og óskaði þeim alls hins besta í framtíðinni.

Einar Bollason vildi minnst á 2 atriði. Annarsvegar vildi hann taka undir orð Matthíasar Viktorssonar um að leyfa B-lið í annari deild. Slíkt gæti fallið inn í störf millipinganefndar. Hins vegar vildi hann varpa fram hugmynd um hvort ekki væri rétt að stækka stjórn KKÍ eða taka inn fulltrúa landshluta sem boðaðir yrðu á fundi 4-5 sinnum á ári. Einar ræddi um Norðurlandamót unglunga sem haldið verður hér á landi næsta vor. Velti því fyrir sér hvort ekki væri áhugi hjá félögum eins og Snæfell eða Tindastól taka slíkt mót heim í hérað.

Matthías Viktorsson sagði mikilvægt að félög sendi menn á formannafundinn sem vit hafa á fjölliðamótum og geti tekið ákvarðanir um þær tillögur sem liggja fyrir.

## 3. KOSNING FORMANNS

Pétur Hrafn Sigurðsson stakk upp á Kolbeini Pálssyni til formanns KKÍ til næstu tveggja ára. Var það samþykkt með lófaklappi.

## 4. KOSNING STJÓRNAR.

Stungið var upp á Kristni Stefánssyni, Guðmundi Þorsteinssyni og Einari Bollasyni til tveggja ára. Var það samþykkt með lófaklappi.

Stungið var upp á Ægi Ágústssyni, Jóni Má Héðinssyni og Ólafi Rafnssyni í varastjórn til eins árs og var það samþykkt með lófaklappi.

#### 5. KOSNING Í DÓMSTÓL KKÍ TIL ÞRIGGJA ÁRA.

Aðalmaður: Gísli Gíslason  
Varamaður: Ágúst Jóhannesson

#### 6. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA.

Ágúst Jóhannesson  
Guðrún Ólafsdóttir

#### 7. KOSNING FULLTRÚA Á ÞING ÍSÍ

Kosningu á fulltrúa á þing Íþróttasambands Íslands var vísað til stjórnar.

Jóhannes Finnur Halldórsson kvaddi sér hljóðs á milli dagskrárlíða og vildi þakka Akureyringum gott þing. Hann bað Kjartan Bragason að koma og taka við smá gjöf fyrir hönd Þórs, en það var glas sem á stendur Ungmennafélagið Snæfell 1. deild 1. sæti og er glasið áritað af öllum leikmönnum Snæfells. Hann tilkynnti einnig að Snæfell bjóði til næsta ársþings í Stykkishólmi. Hann vildi að lokum færa formanni KKÍ glas að gjöf til að hafa á skrifstofu KKÍ.

Sigurður Valur Halldórsson kvaddi sér einnig hljóða og sagði frá því að körfuknattleiksdeild ÍR hafi orðið 40 ára í mars síðastliðnum og er deildin sú elsta í körfuboltanum. Í haust verður haldið boðsmót fyrir öll félög á landinu.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði að eftir að keppnisfyrirkomulagi í Úrvalsdeild hafi verið breytt þannig að leikið er í tveim riðlum hafi alltaf verið dregið í riðlana á ársþinginu og hefði það verið hlutverk þingforseta að draga þau tvö lið sem dattu út úr úrslitakeppninni í riðlana. Samkvæmt 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót skiptast félögin í Úrvalsdeild keppnistímabilið 1990 - 1991 í riðla á eftirfarandi hátt:

A-riðill: KR - Haukar - ÍR - Snæfell

B-riðill: ÍBK - UMFT - Valur - Þór

Samkvæmt reglugerð eru þau félög sem dattu úr úrslitakeppninni dregin í riðlana og var þingforseti fenginn til að draga.


Þingforseti dró UMFN í A-riðil og UMFG í B-riðil.


#### 8. ÞINGFUNDAGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR.

Þingforseti lagði til að þingriturum og þingforseta yrði falið að ganga frá þinggerð og var það samþykkt. Forseti þakkaði fulltrúum ánægjulegt þing og óskaði þeim góðrar heimferðar.

#### 9. ÞINGSLIT.

Kolbeinn Pálsson formaður KKÍ þakkaði það traust sem þingfulltrúar hefðu sýnt honum. Hann þakkaði Þór fyrir góða framkvæmd á þessu þingi. Sagði þetta vera í fyrsta sinn í 30 ára sögu KKÍ þar sem þing er haldið utan Reykjavíkur. Það virðist hafa gefið góða raun þar sem gott persónulegt samband hafi myndast á milli þingfulltrúa úr félögunum. Hann þakkaði Snæfelli fyrir gott boð um að halda næsta ársþing. Þingforseta þakkaði hann góð störf og sleit svo þingi.

  
Kristín Jónsdóttir  
Þingforseti

  
Pétur Hrafn Sigurðsson  
Þingritari

## ÞINGSKJAL NR. 1

Breyting á 16. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Burt falli: Í 1. aldursflokki karla og kvenn, að frátöldum úrslitaleikjum skal leika tvo leiki heima og heiman.

Burt falli: Í síðari leik hveurrar umferðar leika liðin nr. 2, 3, 6 osfrv á heimavelli.

Burt falli: Við ákvörðun á hvaða lið kemst áfram í næstu umferð gilda eftirfarandi reglur í þeirri röð sem þær eru taldar: Liður 1, 2, og 3 falla burt.

Burt falli: Um skiptingu tekna og útgjalda af Bikarkeppni gilda ákvæði 26. gr. reglugerðar þessarar.

Neðst komi: Ágóða eða tapi af hverjum leik skal skipta jafnt milli leikaðila. Ferðakostnaður til og frá leikstað, skal teljast kostnaður vegna leiks og skiptast jafnt á leikaðila.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 22 c)

---

 ÞINGSKJAL NR. 2.

Breyting á 26. grein reglugerðar um körfuknattleiksmóti.

Eftirfarandi breyting verður gerð: ....Félög hiða tekjur af heimaleikjum sínum í Íslandsmóti (sjá þó 25. gr.), þau bera einnig allan kostnað vegna framkvæmdar hans. Lið sem leikur á útivelli í Íslandsmóti ber allan kostnað vegna ferðalaga leikmanna ....

Samþykkt



## ÞINGSKJAL NR. 3.

Breyting á 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Eftirfarandi breyting verði gerð: I. DEILD: skal skipuð 8 liðum. Leikið skal í einni deild, heima og heiman...

Til viðbótar komi: II deild: Skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í Úrvalsdeild eða I. deild. Reynt skal að svæðisskipta deildinni eftir landsfjórðungum. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag eftir fjölda liða. Heimilt skal mótanefnd KKÍ að slá saman fjórðungum á þann hátt að lið á Norðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum ásamt Reykavík og Reykjanesi verði saman og Austurland og Suðurland verði saman. Mótanefnd KKÍ ákveður þátttökugjöld í II deild.

Í keppni II. deildar gilda reglur FIBA um niðurröðun liðanna, ef reglugerð um körfuknattleiksmóti kveður ekki á um annað.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 4.

Viðbót við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Á eftir Lávarðadeild komi:

KÓNGADEILD: Heimilt er að stofna Kóngadeild þar sem leika leikmenn eldri en 40 ára. Leika skal deildina í fjölliðamótsformi.

Stjórn KKÍ.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 23)

## ÞINGSKJAL NR. 5.

## Breyting á lögum KKÍ.

1. Inn komi ný grein er verði 15. gr. og breytist töluröðin í lögnum í samræmi við það.

15. gr.: Kærun skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kæra ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómur dómstóls KKÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.

2. í 16. gr. núverandi laga breytist orðið "sambandsráð" í orðið "framkvæmdastjórn".

## Laganefnd ÍSÍ

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 25)

## ÞINGSKJAL NR. 6

Breytingartillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Úrvalsdeild skal skipuð 10 liðum, þar sem allir spila við alla heima og að heiman. Síðan hefst úrslitakeppni þar sem eftirfarandi kerfi er notað:

Lið 1 leikur gegn liði 8 þar til þrír leikir eru unnir

Lið 2 leikur gegn liði 7 þar til þrír leikir eru unnir

Lið 3 leikur gegn liði 6 þar til þrír leikir eru unnir

Lið 4 leikur gegn liði 5 þar til þrír leikir eru unnir

Tvö neðstu lið Úrvalsdeildar keppa sín á milli þar til annað hefur unnið þrjá leiki. Liðið sem tapar fellur í 1. deild. Liðið sem vann leikur við lið sem varð í öðru sæti í 1. deild. Efsta lið 1. deildar fer beint upp í Úrvalsdeild. Sigurvegari úr leik liða 1 og 8 leika gegn sigurvegara úr leik liða 4 og 5 þrjá leiki. Sigurvegari úr leik liða 2 og 7 leikur gegn sigurvegara úr leik 3 og 6 þrjá leiki.

Þá eru eftir tvö lið sem leika þrjá leiki til úrslita, og tvö lið sem leika um 3. sætið. Þeir sem töpuðu í leik liða 1 og 8 og 4 og 5 leika hvor við annan og einnig tapliðin úr leik liða 2 og 7 og 3 og 6. Sigurvegarar úr þessum viðureignum leika um 5. sætið, tapliðin leika um 7. sætið. Heimavallarhlunnindi eru alltaf veitt því félagi sem var ofar í röðinni þegar að úrslitakeppni kom.

Sigurður Hjörleifsson

Fellt

ÞINGSKJAL NR. 7.

Lagt er til að ársþing KKÍ samþykki að leikdagar í Úrvalsdeild verði þriðjudagar, föstudagar og sunnudagar.

Ungmennafélagið Snæfell

Samþykkt að vísa til stjórnar KKÍ

---

ÞINGSKJAL NR. 8

Viðbót við reglugerð nr. 5.

....Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild og 1. deild karla er tekinn inn í dómarakostnað og skiptist jafnt á lið deildarinnar .....

Ungmennafélagið Snæfell.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 25)

---

ÞINGSKJAL NR. 9

Tillaga um breytingu á lögum KKÍ.

2. grein orðist svo:

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) er samband körfuknattleiksráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga.

Öll félög innan ÍSÍ er iðka og keppa í körfuknattleik eiga rétt á aðild að KKÍ.

F.h. laganefndar KKÍ  
Sigurður Valur Halldórsson

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 10

Tillaga um breytingu á lögum KKÍ.

- 8. grein 14. töluliður falli niður
- 8. grein 15. töluliður verður 14. töluliður
- 8. grein 16. töluliður verður 15. töluliður
- 8. grein 17. töluliður verður 16. töluliður
- 8. grein 18. töluliður verður 17. töluliður

F.h. laganefndar KKÍ  
Sigurður Valur Halldórsson

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 11

Tillaga um breytingu á 3. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinin orðist svo:

**Hlutgengi leikmanna**

Um hlutgengi íslenskra leikmanna fer samkvæmt reglugerð um félagaskipti.

Um hlutgengi erlendra leikmanna fer samkvæmt reglugerð um erlenda leikmenn.

F.h. laganefndar KKÍ  
Sigurður Valur Halldórsson

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 12

Breyting á 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

1. málsgrein orðist svo: Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhúss skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl.

Mótanefnd KÍ skal sjá um mótið.

Málsgrein sem byrjar: Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara ..... orðist svo:

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara fram eftir árangri fyrra árs. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni síðasta árs skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem næst á eftir komu og í C-riðli þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Við röðun í riðla fyrir 6. til 9. flokk svo og Minni-Bolta 11 ára skal árangur liða keppnistímabilið á undan ráða riðlaskiptingu. Árangur 8. flokks ræður niðurröðun í 9. flokk næsta ár á eftir o.s.frv.

F.h. laganefndar KÍ  
Sigurður Valur Halldórsson

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 27)

## ÞINGSKJAL NR. 13

Tillaga um nýja reglugerð um félagaskipti í körfuknattleik.

## 1. grein.

Leikmenn skulu hafa verið félagar í því félagi sem þeir keppa fyrir í minnst einn mánuð áður en kappleikur fer fram. Þó er leikmanni, sem ekki hefur leikið með sínu gamla félagi á keppnistímabilinu, heimilt að leika með nýju félagi strax eftir afhendingu tilkynningar um félagaskipti.

## 2. grein.

Fyrir félagaskipti skal leikmaður greiða stjórn KKÍ ákveðið grunngjald sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Við fyrstu félagaskipti greiðir leikmaður einfalt grunngjald. Skipti sami leikmaður aftur um félag á keppnistímabilinu tvöfaldast grunngjaldið, fjórfaldast í þriðja skipti o.s.frv.

## 3. grein.

Óheimilt er að tilkynna félagaskipti frá 15. febrúar til loka keppnistímabilsins.

## 4. grein.

Kjósi leikmaður að segja sig úr félagi skal hann leggja fram vottorð frá gamla félaginu, undirritað af honum sjálfum og einum stjórnarmanni félagsins. Félagaskipti miðast við móttökudag tilkynningar hjá KKÍ.

## 5. grein.

Ef leikmaður fer utan til að leika með erlendu liði, skal hann á sama hátt tilkynna KKÍ um félagaskiptin og er leimanninum ekki heimil keppni erlendis fyrr en KKÍ hefur gefið út leyfi samkvæmt reglum FIBA (letter of clearance).

## 6. grein.

Um íslenska leikmenn sem leikið hafa með erlendum félögum gildir að þeir eru hlutgengir að nýju hér á landi þegar KKÍ hefur staðfest félagaskiptin.

F.h. laganeftdar KKÍ  
Sigurður Valur Halldórsson

Samþykkt

Tillaga að breytingu á reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

2. grein.

Félög sem óska eftir leyfi fyrir erlenda leikmenn skulu senda umskókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Með umsókninni skal framvísa dvalarleyfi, atvinnuleyfi ásamt nauðsynlegum leyfum frá heimalandi viðkomandi leikmanns eða því landi sem hann lék í áður en hann kom til Íslands. (letter of clearance) svo og þeim gögnum sem kann að vera krafist, áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi fyrir viðkomandi leikmann. Keppnisleyfið gildir út viðkomandi keppnistímabil. Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þókkun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil.

3. grein.

Stjórn KKÍ sér um öll samskipti við ÍSÍ og FIBA vegna veitingar keppnisleyfis fyrir erlenda leikmenn.

F.h. laganefndar KKÍ  
Sigurður Valur Halldórsson

Samþykkt

## FJÁRHAGSÁÆTLUN KKÍ 1.5. 1990 - 30.4. 1991

**TEKJUR:**

Þáttökugjöld í Íslandsmóti .....	1.500.000
Tekjur af leikjum .....	350.000
Tekjur af leikskrá .....	370.000
Aðrar tekjur v/móta .....	510.000
Sjónvarpsréttindi .....	900.000
Þáttökugjöld í bikarkeppni .....	400.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ .....	755.163
LOTTO .....	2.500.000
Selt kennsluefni .....	90.000
Johnny Cash .....	3.000.000
Dómaranámskeið .....	150.000
Þjálfaranámskeið .....	625.000
Ýmsar tekjur .....	330.000
Aðrar fjáraflanir, samningar o.fl. ....	9.054.837
<b>Samtals</b>	<b>20.535.000</b>

**GJÖLD:**

Íslandsmót .....	330.000
Kostnaður leikskrár .....	255.000
Ýmis kostnaður v/móta .....	900.000
Bikarkeppni .....	120.000
Evrópukeppni félagsliða .....	530.000
Laun starfsmanna .....	2.400.000
Rekstur skrifstofu .....	630.000
Þinghald, fundir, gjafir o.fl. ....	535.000
Ýmis kostnaður .....	310.000
Johnny Cash .....	1.500.000
Fræðslumál.....	200.000
Dómaranámskeið .....	75.000
Þjálfaranámskeið .....	450.000
Landslið KKÍ .....	12.300.000
<b>Samtals:</b>	<b>20.535.000</b>



Skýringar með fjárhagsáætlun:

Í kostnaðarliðnum landslið KKÍ er gert ráð fyrir eftirfarandi:

**A-landslið karla:**

Promotion Cup í Wales í desember 1990  
30 ára Afmælistótt KKÍ í janúar 1991  
Norðurlandamót í apríl 1991  
Evrópukeppni í maí 1991  
Ólympíuleikar smáþjóða í maí

**A-landslið kvenna:**

Æfingaferð til Englands í okt-nóv 1990  
Ólympíuleikar smáþjóða í maí

**Unglingalandslið karla:**

Æfingamót okt-des 1990  
Norðurlandamót á Íslandi 1991

**Unglingalandslið kvenna:**

Æfingamót okt-des 1990  
Norðurlandamót á Íslandi 1991

**Drengjalandslið karla:**

Æfingamót okt-des 1990  
Evrópukeppni í apríl 1991

**Minnibolti:**

Minniboltamót á Íslandi sumarið 1990

**Þjálfaralaun:**

Þjálfaralaun allra landsliða

## ÞINGSKJAL NR. 16

Breyting á 27. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

3. grein.

Hvert félag skal tilnefna dómara til KKÍ eigi síðar en 25. september fyrir hvern eftirtaldr flokka sem tilkynntir eru í Íslandsmót eða bikarkeppni.

- a) Úrvalsdeild pr. lið fjóra dómara
- b) Meistarafli karla (ekki Úrvalsd.) pr. lið þrjá dómara
- c) Meistaraflokkur kvenna pr. lið tvo dómara
- d) Lávarðardeild pr. lið einn dómara

Félag sem tekur þátt í Íslandsmóti eða bikarkeppni skal þó aldrei eiga færri en þrjá dómara (eða fjóra ef lið tilkynnir einungis þátttöku í Úrvalsdeild), nema ef það tilkynnir einungis þátttöku í yngri flokkum þá þarf það ekki að eiga neinn.

Dómarar þessir skulu verða orðnir 18 ára, hafa lokið dómaraprófi á vegum KKÍ og vera samþykktir af Dómaranefnd KKÍ. Dómarar þessir verða jafnframt að vera reiðubúnir til þess að dæma fyrir KKÍ.

Fyrir hvern dómara .....

Dómaranefnd KKÍ

Samþykkt en gildistöku frestað í 1 ár.

Breyting á reglugerð fyrir Dómaranefnd

4. grein.

Nefndin skipar dómurum í þrjá flokka:

1. Dómarar sem hafa réttindi til að dæma í Úrvalsdeild.
2. Dómarar sem hafa réttindi til að dæma aðra meistaraflokksleiki.
3. Unglingadómarar sem hafa réttindi til að dæma yngri flokka.

Dómaranefnd skal halda skrá yfir alla dómara innan KKÍ og réttindi þeirra.

5. grein fellur niður

6. grein verður 5. grein

7. grein verður 6. grein og orðast á eftirfarandi hátt:

Dómarar skulu vera launaðir. Hvert félag skal greiða Dómaranefnd ákveðið gjald, dómargjald, fyrir hvern leik. Stjórn KKÍ og Dómaranefnd ákveða í sameiningu upphæð dómargjaldsins í upphafi hvers keppnistímabils. Dómaranefnd ákveður hlut dómara í dómargjaldi.

Félög skulu ..... fyrir 1. feb.

8. grein verði 7. grein og orðist:

Dómaranefnd skal skipa eftirlitsmann á alla leiki í úrslitakeppni svo og úrslitaleiki í bikarkeppni og skal viðkomandi hafa dómarréttindi. Dómaranefnd er heimilt að skipa eftirlitsmann á aðra leiki ef þurfa þykir eða ef Stjórn KKÍ óskar þess. Verksvið viðkomandi eftirlitsmanns skal vera hið sama og hjá eftirlitsmanni (Commissioner) hjá FIBA. Eftirlitsmaður skal fá greitt sömu laun og dómari leiksins og skal gjaldið greiddast af þeim félögum sem þátt taka í leiknum.

9. grein verði 8. grein og orðist:

Dómaranefnd eða fulltrúi hennar skal hafa viðverutíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.

Dómaranefnd KKÍ

Samþykkt

Breyting á starfsreglum Aganefndar

2. grein.

Sérstök ákvæði:

Í úrslitakeppni allra flokka skal aganefnd kvödd saman um leið og skýrsla dómara berst KKÍ.

Þegar .....

7. grein orðist eftirfarandi:

..... heimilt að vísa viðkomandi máli frá.

Í úrslitakeppni allra flokka skulu dómara skila inn skýrslu til aganefndar eigi síðar en 24 klst. frá lok leiks.

8. grein orðist eftirfarandi:

Ef leikmaður á eftir að taka út refsingu þegar leiktímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns.

Kristinn Albertsson

Samþykkt

Breyting á reglugerð fyrir fjárhagsnefnd

Reglugerð um fjárhagsnefnd falli niður í heild sinni.

Kristinn Albertsson

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 20

Breyting á 16. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Óbreytt fram að:

Lið sem mætir ekki til leiks í bikarkeppni án gildra ástæðna að mati mótanefndar fellur samstundis úr keppni.

Lið sem dregur sig úr bikarkeppni eftir að dráttur hefur farið fram fellur samstundis úr keppni og skal refsað skv. 14. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót og litið svo á að liðið hafi ekki mætt til leiks.

Lið sem dregur sig úr bikarkeppni áður en dráttur fer fram fellur samstundis úr keppni, en skal engu að síður greiða þátttökugjald viðkomandi umferðar.

Kristinn Albertsson

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 21

Breyting á 6. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Tillagan felur það í sér að 6. grein falli niður, 7. grein verði 6. grein, 8. grein verði 7. grein o.s.frv.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

Breytinga á 16. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Tillaga A:

16. grein:

Grein þessi fjallar um Bikarkeppni KKÍ, sem haldin er í eftirtöldum flokkum:

- a) 1. aldursflokkur karla og kvenna
- b) Unglingaflokkur karla og kvenna
- c) Drengjaflokkur
- d) Stúlknafllokkur
- e) 9. aldursflokkur
- f) 8. aldursflokkur

Framkvæmd bikarkeppninnar er í höndum mótanefndar KKÍ. Öllum aðildarfélögum er heimilt að senda lið til þátttöku í bikarkeppninni. Hvert félag má senda tvö lið til keppni í I. aldursflokkum, telst það lið A lið sem tekur þátt í deildakeppni. Í öllum öðrum aldursflokkum er einungis heimilud þátttaka eins liðs frá hverju félagi. Keppnin er með útsláttarfyrrkomulagi.

Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt:

Leika skal þannig að fjöldi þátttökuliða verði sem svo fljótt sem unnt er heilt veldi af tveimur. Í bikarkeppni 1. aldursflokks karla A-liða gildir að þau lið sem leika í Úrvalsdeild öðlaðst sjálfkrafa þátttökurétt í sextán liða úrslitum ásamt þeim liðum, sem þá eru eftir úr neðri deildunum. Keppnin um lausu sætin í sextán liða úrslitum í 1. aldursflokkum svo og keppni í yngri í yngri flokkum fer þannig fram að dregið er um hvaða lið leika saman og fær það lið sem fyrr er dregið heimaleik, þó aldrei tvisvar í röð.

Ágóða eða tapi af hverjum leik skal skipta jafnt milli leikaðila. Ferðakostnaður til og frá leikstað, skal teljast kostnaður vegna leiks og skiptast jafnt á leikaðila. Telji heimalið ferðakostnað aðkomuliðs óeðlilega háan geta þeir skriflega, innan viku frá lokum leiks, krafist úrskurðar mótanefndar á því hvað teljist eðlilegur ferðakostnaður. Skal mótanefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku frá móttöku kröfu.

Laga og leikreglanefnd

Ekki samþykkt

**Tillaga B:**

## 16. grein

Grein þessi fjallar um Bikarkeppni KKÍ, sem haldin er í eftirtöldum flokkum:

- a) 1. aldursflokkur karla og kvenna
- b) Unglingaflokkur karla og kvenna
- c) Drengjaflokkur
- d) Stúlknaflökkur
- e) 9. aldursflokkur
- f) 8. aldursflokkur

Framkvæmd bikarkeppninnar er í höndum mótanefndar KKÍ. Öllum aðildarfélögum er heimilt að senda lið til þátttöku í bikarkeppninni. Hvert félag má senda tvö lið til keppni í 1. aldursflokk, telst það lið A lið sem tekur þátt í deildakeppni. Í öllum öðrum aldursflokkum er einungis heimiluð þátttaka eins liðs frá hverju félagi. Keppnin er með útsláttarfyrikomulagi.

Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt:

Leika skal þannig að fjöldi þátttökuliða verði sem svo fljótt sem unnt er heilt veldi af tveimur. Í bikarkeppni 1. aldursflokks karla A-liða gildir að þau lið sem leika í Úrvalsdeild öðlaðst sjálfkrafa þátttökurétt í sextán liða úrslitum ásamt þeim liðum, sem þá eru eftir úr neðri

deildunum. Keppnin um lausu sætin í sextán liða úrslitum í 1. aldursflokk svo og keppni í yngri í yngri flokkum fer þannig fram að dregið er um hvaða lið leika saman og fær það lið sem fyrr er dregið heimaleik, þó aldrei tvisvar í röð.

Lið sem mætir ekki til leiks í bikarkeppni án gildra ástæðna að mati mótanefndar fellur samstundis úr keppni.

Lið sem dregur sig úr bikarkeppni eftir að dráttur hefur farið fram, fellur samstundis úr keppni og skal refsað skv. 14. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót og skal litið svo á að liðið hafi ekki mætt til leiks.

Lið sem dregur sig úr bikarkeppni áður en dráttur fer fram fellur samstundis úr keppni, en skal engu að síður greiða þátttökugjald viðkomandi umferðar.

Laga og leikreglanefnd.

Ekki samþykkt

## Tillaga C:

## 16. grein

Grein þessi fjallar um Bikarkeppni KKI, sem haldin er í eftirtöldum flokkum:

- a) 1. aldursflokkur karla og kvenna
- b) Unglingaflokkur karla og kvenna
- c) Drengjaflokkur
- d) Stúlknaflokkur
- e) 9. aldursflokkur
- f) 8. aldursflokkur

Framkvæmd bikarkeppninnar er í höndum mótanefndar KKI. Öllum aðildarfélögum er heimilt að senda lið til þátttöku í bikarkeppninni. Hvert félag má senda tvö lið til keppni í 1. aldursflokkur, telst það lið A lið sem tekur þátt í deildakeppni. Í öllum öðrum aldursflokkum er einungis heimiluð þátttaka eins liðs frá hverju félagi. Keppnin er með útsláttarfyrrkomulagi.

Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt:

Leika skal þannig að fjöldi þátttökuliða verði sem svo fljótt sem unnt er heilt veldi af tveimur. Í bikarkeppni 1. aldursflokks karla A-liða gildir að þau lið sem leika í Úrvalsdeild öðlaðst sjálfkrafa þátttökurétt í sextán liða úrslitum ásamt þeim liðum, sem þá eru eftir úr neðri

deildunum. Keppnin um lausu sætin í sextán liða úrslitum í 1. aldursflokkur svo og keppni í yngri í yngri flokkum fer þannig fram að dregið er um hvaða lið leika saman og fær það lið sem fyrr er dregið heimaleik, þó aldrei tvisvar í röð.

Lið sem mætir ekki til leiks í bikarkeppni án gildra ástæðna að mati mótanefndar fellur samstundis úr keppni.

Lið sem dregur sig úr bikarkeppni eftir að dráttur hefur farið fram, fellur samstundis úr keppni og skal refsað skv. 14. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót og skal litið svo á að liðið hafi ekki mætt til leiks.

Lið sem dregur sig úr bikarkeppni áður en dráttur fer fram fellur samstundis úr keppni, en skal engu að síður greiða þátttökugjald viðkomandi umferðar.

Ágóða eða tapi af hverjum leik skal skipta jafnt milli leikaðila. Ferðakostnaður til og frá leikstað, skal teljast kostnaður vegna leiks og skiptast jafnt á leikaðila. Telji heimalið ferðakostnað aðkomuliðs óeðlilega háan geta þeir skriflega, innan viku frá lokum leiks, krafist úrskurðar mótanefndar á því hvað teljist eðlilegur ferðakostnaður. Skal mótanefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku frá móttöku kröfu.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt



## ÞINGSKJAL NR. 23:

Breyting á 26. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Eina breytingin er brottfall orðanna ..."og Bikarkeppni"...

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 24.

Viðbót við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

*KÓNGAÐEILD: Heimilt er að stofna Kóngadeild þar sem leika leikmenn eldri en 40 ára. Leika skal deildina í fjölliða-  
mótsformi.*

Sá aðili sem sigrar í Úrvalsdeild hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari" og gildir hið sama um sigurvegarana í I.deild íslandsmótsins í meistaraflokki kvenna."

Vegna þessara breytinga þarf að taka tillit til 7. greinar og 8. greinar sömu reglugerðar. 7. grein orðist þá svo:

"Lávarðadeild: Leikmaður öðlast keppnisrétt í lávarðadeild frá og með þeim degi er hann verður 30 ára.

*Kóngadeild: Leikmaður öðlast keppnisrétt í kóngadeild frá og með þeim degi er hann verður 40 ára.*

Aldur miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót..."

8. grein orðist svo:

"Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Þó er leikmönnum í Lávarðadeild og *Kóngadeild* heimilt að leika með 1.aldursflokki karla. Leikmenn sem leikið hafa leik eða leiki í Úrvalsdeild eða I.deild karla á yfirstandandi keppnistímabili eru ekki hlutgengir í Lávarðadeild eða *Kóngadeild*. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin, nema í Lávarðadeild og *Kóngadeild*, þar gilda undantekningalaust ákvæði 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Tíu (10) leikjahæstu menn í meistaraflokki á hverju keppnistímabili mega ekki keppa með 1.aldursflokki. Séu þeir fleiri en þrír með jafnmarga leiki í 10. sæti, má aðeins nota tvo þeirra í 1.aldursflokki."

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 28)

## ÞINGSKJAL NR. 25

Breyting á lögum KKÍ.

## 15. grein

Kærur skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kæra ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KKÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti og ábyrgðarbréfi."

## 16. grein

"Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSí hefur samþykkt þau."

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 26

Viðbót við 5. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

"...Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild annarsvegar og í 1. deild karla hinsvegar, er tekinn inn í dómarakostnað og skiptist jafnt á lið hvorrar deildar um sig.

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 27

Breyting á 11. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Hér er um að ræða brottfall á málsgrein 11. greinar á bls. 68 sem hefst á orðunum "Úrslit úr síðustu umferð...". Í stað þeirrar málsgreinar kemur eftirfarandi:

"Við röðun í riðla fyrir 6. flokk til og með 9. flokki, svo og Minni-Bolta 11 ára, skal árangur liða keppnistímabilið á undan ráða riðlaskiptingu. Við niðurröðun í riðla ræður árangur næsta flokks fyrir neðan á undanfarandi keppnistímabili, t.d. þannig að árangur 8. flokks ræður niðurröðun í 9. flokk næsta ár á eftir."

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

Viðbót við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

*KONUNGAEILD: Heimilt er að stofna Konungadeild þar sem leika leikmenn eldri en 40 ára. Leika skal deildina í fjölliða-mótsformi.*

Sá aðili sem sigrar í Úrvalsdeild hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari" og gildir hið sama um sigurvegarana í I.deild íslandsmótsins í meistaraflokki kvenna."

Vegna þessara breytinga þarf að taka tillit til 7. greinar og 8. greinar sömu reglugerðar. 7. grein orðist þá svo:

"Lávarðadeild: Leikmaður öðlast keppnisrétt í lávarðadeild frá og með þeim degi er hann verður 30 ára.

*Konungadeild: Leikmaður öðlast keppnisrétt í Konungadeild frá og með þeim degi er hann verður 40 ára.*

Aldur miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót..."

8. grein orðist svo:

"Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Þó er leikmönnum í Lávarðadeild og *Konungadeild* heimilt að leika með 1.aldursflokki karla. Leikmenn sem leikið hafa leik eða leiki í Úrvalsdeild eða I.deild karla á yfirstandandi keppnistímabili eru ekki hlutgengir í Lávarðadeild eða *Konungadeild*. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin, nema í Lávarðadeild og *Konungadeild*, þar gilda undantekningalaust ákvæði 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Tíu (10) leikjahæstu menn í meistaraflokki á hverju keppnistímabili mega ekki keppa með 1.aldursflokki. Séu þeir fleiri en þrír með jafnmarga leiki í 10. sæti, má aðeins nota tvo þeirra í 1.aldursflokki."

Samþykkt

## FJÁRHAGSÁÆTLUN KKÍ 1.5. 1990 - 30.4. 1991

TEKJUR:

Þáttökugjöld í Íslandsmóti .....	1.500.000	
Tekjur af leikjum .....	350.000	
Tekjur af leikskrá .....	370.000	
Aðrar tekjur v/móta .....	510.000	
Sjónvarpsréttindi .....	900.000	
Þáttökugjöld í bikarkeppni .....	400.000	
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ .....	755.163	
LOTTO .....	2.500.000	
Selt kennsluefni .....	90.000	
Johnny Cash .....	3.000.000	
Dómaranámskeið .....	150.000	
Þjálfaranámskeið .....	625.000	
Ýmsar tekjur .....	330.000	
Aðrar fjáraflanir, samningar o.fl. ....	8.884.837	
Tekur vegna dómara.....		2.100.000
<b>Samtals</b>	<b>22.465.000</b>	

GJÖLD:

Íslandsmót .....	330.000
Kostnaður leikskrár .....	255.000
Ýmis kostnaður v/móta .....	900.000
Bikarkeppni .....	120.000
Evrópukeppni félagsliða .....	360.000
Laun starfsmanna .....	2.400.000
Rekstur skrifstofu .....	630.000
Þinghald, fundir, gjafir o.fl. ....	535.000
Ýmis kostnaður .....	310.000
Johnny Cash .....	1.500.000
Fræðslumál.....	200.000
Dómaranámskeið .....	75.000
Þjálfaranámskeið .....	450.000
Landslið KKÍ .....	12.300.000
Dómaragjöld.....	2.100.000
<b>Samtals:</b>	<b>22.465.000</b>

Samþykkt



